

23.3.2006

Félagsmálanefnd Alþingis

I. Inngangur

Atvinnulífsnefnd Stúdentaráðs Háskóla Íslands barst nýverið beiðni um að veita umsögn við þingskjali nr. 67. Eftirfarandi eru athugasemdir við þingsályktunina.

II. Athugasemdir og ábendingar

Við fögnum því frumkvæði sem háttvirtir þingmenn hafa sýnt með þingsályktunartillögu sinni. Málefnið sem verið er að takast á við er nauðsynlegt, og í raun furðulegt að ekki sé búið að vinna gögn um mannaflapörf í atvinnugreinum fyrr. Það er mjög mikilvægt að okkar mati fyrir stúdenta að vita hvort áralangt háskólanám skili þeim gráðu sem veitir þeim starf, eða hvort þeir þurfi að fara aftur í nám og reyna að hitta á grein sem þörf er á mannafla í.

Við teljum mikilvægt að námsráðgjafar hafi þessar upplýsingar við vinnu sína, aftur á móti finnst okkur varasamt ef nota á þessar upplýsingar til þess að takmarka aðgang að ákveðnum greinum innan háskólans. Þannig ættu þessar upplýsingar einungis að vera til leiðbeiningar fyrir nemendur, þar sem upplýsingarnar lýsa einungis ástandinu eins og það er þegar stúdent hefur nám en ekki þegar hann útskrifast.

f.h. Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Harald Björnsson

Fjöldinir Guðmannsson

Reynir Jóhannesson

Stefanía Sigurðardóttir

Yngvi Eiríksson